

um breyting á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958, og lögum nr. 40 12. maí 1965, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 3. umr. í Nd., 28. apríl.)

1. gr.

Liðurinn „Reiðhjól með hjálparvél“ í 2. gr. laganna orðist svo:

Létt bifhjól: Bifhjól, sem í er aflvél, eigi stærri en 2.5 hestöfl (DIN) og ekki yfir 50 rúmsentimetra að slagrúmmáli, enda sé það eigi gert til hraðari aksturs en 50 km á klst. án verulegra breytinga á því.

2. gr.

Í stað „reiðhjól með hjálparvél“ í 2. mgr. 8. gr. komi: létt bifhjól.

3. gr.

Í stað „reiðhjól með hjálparvél“ í 1. mgr. 11. gr. komi: létt bifhjól.

4. gr.

6. mgr. 27. gr. orðist svo:

Ökuskrifteini eru tvönn konar: Bráðabirgðaskrifteini og fullnaðarskrifteini. Bráðabirgðaskrifteini er gefið út til byrjanda og gildir í eitt ár frá útgáfudegi. Fullnaðarskrifteini gildir í 10 ár frá útgáfudegi. Fullnaðarskrifteini þeirra, sem náð hafa 60 ára aldri, og ökuskrifteini skv. 3. mgr. skulu þó gilda í 5 ár. Ef sérstakar ástæður þykja til, getur lögreglustjóri þó gefið út ökuskrifteini til skemmri tíma en að framan greinir. Áður en fullnaðarskrifteini er gefið út, skal lögreglustjóri kanna sérstaklega ökumannsferil hlutaðeiganda, og er heimilt að ákveða, að hann skuli þá ganga undir og standast próf í umferðarreglum og akstri bifreiða, svo og sæta rannsókn sérfræðinga um líkamlega og andlega heilbrigði. Þegar fullnaðarskrifteini er endurnýjað, verður hlutaðeigandi að sanna að nýju fyrir lögreglustjóra, að hann fullnægi skilyrðum til þess að fá ökuskrifteini. Heimilt er að ákveða, að hlutaðeigandi skuli þá ganga undir skriflegt próf í umferðarlöggjöf. Lögreglustjóri getur og ákveðið, að hlutaðeigandi skuli að nýju ganga undir bifreiðarstjóraþróf.

5. gr.

Í stað „reiðhjól með hjálparvél“ í 3. mgr. 28. gr. komi: léttu bifhjól.

6. gr.

Í stað „reiðhjól með hjálparvél“ í 5. mgr. 28. gr. komi: léttu bifhjól.

7. gr.

4. mgr. 50 gr. orðist svo:

Dómsmálaráðherra getur að fenginni tillögu umferðarlaganefndar sett nánari reglur um ökuhraða, þar á meðal ákveðið lægri hámarkshraða almennt en að framan greinir eða á einstökum vegum. Dómsmálaráðherra getur á sama hátt ákveðið hærri hámarkshraða en að framan greinir, allt að 90 km á klukkustund á einstökum vegum (hraðbrautum), og bundið þá heimild við ákveðna árstíma. Í kaupstöðum og kaupúnum má setja slíkar reglur í lögreglusamþykktum.

8. gr.

Í stað „reiðhjól með hjálparvél“ í 8. mgr. 60. gr. komi: létt bifhjól.

9. gr.

Í stað „reiðhjól með hjálparvél“ í 1. mgr. 70. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 40 12. maí 1965, komi: létt bifhjól.

10. gr.

5. og 6. mgr. 81. gr. orðist svo:

Svipting ökuleyfis eða réttar til að öðlast ökuleyfi skal gerð með dómi, sbr. þó 112. gr. laga nr. 82/1961. Áfrýjun frestar ekki verkun dóms að þessu leyti.

Nú telur lögreglustjóri, að maður hafi unnið til ökuleyfissviptingar, og skal hann þá svipta hann ökuleyfi til bráðabirgða. Lögreglustjóri skal tilkynna viðkomandi dómara ákvörðun sína innan viku. Aðili getur krafizt úrskurðar dómara um ákvörðun lögreglustjóra. Dómari getur og af sjálfdáðum, ef efni standa til, fellt ákvörðun lögreglustjóra niður. Úrskurð dómara um bráðabirgðasviptingu getur aðili kært til æðra dóms samkvæmt XXI. kafla laga nr. 82/1961.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 4. gr. öðlast þó eigi gildi fyrr en 1. júní 1966.